LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS
Pharmaceutical Society of Iceland

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 6. nóvember 2015.

**Efni: Frumvarp til laga um sjúkratryggingar og lyfjalög (heilbrigðisþjónusta yfir landamæri, EES-reglur), Þingskjal 244 - 228. mál.**

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) hefur engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið, en vill sterklega koma eftirfarandi á framfæri:

**Varðandi 6. grein**

Skýra þarf í greinargerð hvernig lyfjabúðir eiga að geta staðfest lækningaleyfi útgefanda lyfseðils með gild lækningaleyfi í aðildarríkjum EES ef hann er ekki skráður í læknaskrá á Íslandi.

Í dag hafa lyfjabúðir einungis aðgang að íslenskri skrá en engan slíkan aðgang að erlendum læknaskrám og við teljum að það þurfi að skýra betur í athugasemdum með frumvarpinu hvernig lyfjafræðingar í apótekum eigi að ganga úr skugga um að lyfseðillinn sé í lagi.

Virðingarfyllst,

Lóa María Magnúsdóttir
Formaður LFÍ

Safnatröð 3 – Pósthólf 252
172 Seltjarnarnes
Sími.: 354-561 6166
Fax.: 354 561 6182
Netfang: lfi@lfi.is
Heimasíða: http://www.lfi.is
Kennitala
430269-6239